

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld í Höfðahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd hefur ein heimild til þess að leggja holræsi á Skagaströnd.

2. gr.

Þar sem hreppsnefnd hefur látið leggja holræsi í götu, veg eða opið svæði, er hverjum húseiganda, sem á lóð þar að, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytji skólp þaðan út að aðalræsi. Einnig er húseiganda skylt að halda við heimæð sinni. Regnvatn af húsi eða lóð skal, að svo miklu leyti sem unnt er, leitt í húsræsið. Ef húseigandi vanrækir að leggja holræsi innan hæfilegs frests, sem hreppsnefnd tiltekur, skal verkið unnið á hans kostnað.

Greiða skal kr. 3 200,00 í tengigjald.

3. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi, skal hann leggja fram uppdrátt af holræsalögn innanhúss og í grunni, er sýni legu, halla og stærð, gerð og annað því viðkomandi.

Aðeins pípulagningamanni eða öðrum, sem hreppsnefnd hefur samþykkt, skal heimilt að leggja holræsalagnir. Engar lagnir má hylja fyrr en byggingafulltrúi hefur samþykkt þær.

4. gr.

Allt efni, sem notað er til holræsagerðar, skal standast þær kröfur, sem gerðar eru í byggingasamþykkt, en auk þess getur hreppsnefnd sett reglur um holræsaefni, t. d. ef um nýjungar á því sviði er að ræða. Hreppsnefnd getur gert kröfur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi þar, sem ástæða þykir til.

5. gr.

Bannað er að láta renna í holræsakerfið sýrur, sterkan lút, olíur, kvikasilfur eða önnur efni, sem geta valdið skemmdum á holræsakerfinu eða varanlegri mengun.

6. gr.

Kostnaður við holræsagerð staðarins greiðist úr sveitarsjóði. Til þess að standast útgjöld þau, sem stafa af lagningu holræsanna, ber hverjum þeim sem hús á, lóð eða lóðarréttindi við götu eða veg eða opið svæði, þar sem hreppurinn hefur lagt holræsi í, að greiða árlega til sveitarsjóðs gjald sem sé 0,10% af fasteignamati húss og lóðar, þó aldrei minna en kr. 1 600,00 af húsi eða hluta af húsi, sem talinn er sér í fasteignamati, enda sé skolplögn eða viðkomandi húseign eða húshluta. Gjöld samkvæmt grein þessari er sveitarstjórn heimilt að hækka eða lækka um 50%, án þess að samþykki ráðuneytisins komi til.

7. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds.

Gjaldið hefur lögveðsrétt og er það tryggt með lögveði í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er sá sami og fasteignaskatts.

8. gr.

Framantalin gjöld samkvæmt 2. og 6. grein eru miðuð við byggingavísitölu 229 stig 1. október 1985 og breytast einu sinni á ári til samræmis við byggingavísitöluna eins og hún er 1. október ár hvert.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 10 000,00, sem renna í sveitarsjóð. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Höfðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað. Fellur jafnframt úr gildi reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Höfðahreppi nr. 12 11. janúar 1974, með áorðnum breytingum með reglugerð nr. 205 19. maí 1978.

Félagsmálaráðuneytið, 4. apríl 1986.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Þórhildur Líndal.

REGLUGERÐ**fyrir Vatnsveitu Vopnafjarðarhrepps.**

1. gr.

Vatnsveita Vopnafjarðarhrepps er eign Vopnafjarðarhrepps. Heimili hennar og varnarþing er á Vopnafirði.

2. gr.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fer með yfirstjórn vatnsveitunnar og ber ábyrgð á skuldbindingum hennar. Hreppsnefnd og sveitarstjóri annast daglegan rekstur hennar og framkvæmdir, en heimilt er að ráða sérstakan vatnsveitustjóra eða umsjónarmann, til að sjá um eftirlit eða framkvæmdir við vatnsveituna, ef þess gerist þörf.

3. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið, en skrifstofa hreppsins annast allt reikningshald. Reikningarnir skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar sveitarsjóðs og fylgja þeim ár hvert.

4. gr.

Vopnafjarðarhreppur hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.

5. gr.

Hreppsnefnd lætur leggja vatnsæðar svo víða um kaптúnið, sem þörf krefur og fært þykir, svo húseigendur eigi aðgang að þeim við veg, götu eða opin svæði, sem hús þeirra liggja að.